

ÞRÍLIT SLÁ

Prjónuð frá hálsmáli og niður úr
Alpakka frá SANDNES GARN.

Uppskriftin er í Prjónablaðinu Ýr 62.

Stærðir:

(S-M) L-XL

Mál á slá:

Sídd: u.þ.b. 72 sm. allar str.

Garn: Alpakka Sandnes Garn

Dökkgrátt 1053: (2) 3 dokkur.

Ljósgrátt 1042: (5) 7 dokkur.

Koksgrátt 1088: (4) 4 dokkur.

Prjónar / fylgihlutir:

Hringprjónar nr. 4,5 og 5.

Merkihringir

Prjónfesta:

18 L. slétt prjón á prjóna nr. 5 = 10 sm.

1 garður prj. í hring:

Prjónið 1 umf. br., 1 umf. sl.

Gott ráð!

Lesið í gegnum alla uppskr. áður en byrjað er að prjóna.

Byrjið á hálsmáli.

Fitjið upp (88) 92 L. með ljósgráu á hringprjón nr. 5. Prjónið 1 umf. sl., skiptið stk. í 4 reiti.

Látið merkihring um 1 L. í hvorri hlið, á miðju að framan og aftan = (21) 22 L. milli merkil.

Prjónið í hring 18 sm. slétt, með ljósgráu, **aukið** í 1 L. á miðju að framan og aftan með því að slá upp á prjóninn sitthvoru megin við merkihr. = 4 L. aukið í.

Endurtakið útaukningu í annarri hverri umf., í **4. hverri umf.** er aukið



í 1 L. sitthvoru megin við merkihr. í hliðunum með því að taka upp garnið milli 2. L. og prjóna snúið sl. = 4 L. aukið í, í hliðunum.

Þegar búið er að auka í (4) 5 sinnum í hliðunum, er bara aukið í að framan og aftan.

Skiptið yfir í dökkgrátt og prjónið 18 sm. Skiptið yfir í ljósgrátt og prjónið 18 sm.

Skiptið yfir í koksgrátt og prjónið 16 sm. Skiptið yfir á hringprjón nr. 4,5, og prjónið í hring 3 garða. Fellið af.



Skoðaðu úrvalið í garni og prjónum á vefverslun okkar www.tinna.is
Ókeypis heimsending á prjónablöðum og ef verslað er yfir 10. þúsund.